

## Fræðsla um vímuefni fyrir efri bekkni grunnskóla

### Forvarnir í grunnskólum

Í [lögum um grunnskóla frá 1995](#) (með síðari breytingum) segir að hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, sé að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem sé í sífelltri þróun. Ungmenni nútímans á Íslandi þurfa að búa sig undir líf í samfélagi þar sem vímuefna er neytt og taka afstöðu til neyslu þessara efna.

Í [aðalnámskrá fyrir grunnskóla](#) (1. ágúst 2007) er skólunum m.a. gert að fylgja þessu hlutverki eftir í [lífsleikni](#). Þar segir m.a. að markmiðið með lífsleikni sé að nemandi styrkist í að bera ábyrgð á eigin lífi, m.a. með því að taka afstöðu gegn neyslu fíkniefna og misnotkun á lyfjum sem notuð eru til lækninga. Einnig að nemandi öðlist samfélagslega yfirsýn sem geri honum kleift að skilja og virða reglur samfélagsins. Það námsefni sem hér er kynnt tekur mið af þessu.

Neyslu vímuefna eru settar skorður á lýðræðislegum forsendum, þ.e. með lagasetningu. Nýjar upplýsingar og þekking, breytingar á viðhorfum á ýmsum sviðum samfélagsins og breyttir lífshættir kalla á stöðuga umræðu og endurmat á þessum skorðum, svo og ábyrgð, skyldum og rétti borgaranna.

Forvarnastarf í grunnskólum er einn liður í forvarnastarfi gegn fíkniefnaneyslu og felur í sér allt það sem [fræðslu- og uppeldisstarf skóla](#) getur áorkað á hverjum tíma til þess að stuðla að eða auka líkur á að nemandur lendi í vanda vegna neyslu áfengi og annarra vímuefna. Skólinn er áhrifamikill aðili í uppeldi og mótun ungmenna. Um árabíl nær hann til flestra á viðkvæmu mótunarskeiði. Hann hefur auk þess á að skipa starfsliði með þekkingu á fræðslu- og uppeldisstarfi. Skólinn er því kjörinn vettvangur fyrir ýmiss konar forvarnastarf.

Vegna sérþekkingar sinnar á fræðslu- og uppeldisstarfi er eðlilegt að kennarar annist þá fræðslu sem veitt er í grunnskólum um áfengi og önnur vímuefni. Þeir þekkja nemendahópinn best og staðbundnar aðstæður hvers skóla. Þetta kemur hins vegar á engan hátt í veg fyrir að kennarar/skólar leiti liðsinnis aðila utan skólanna til þess að leggja fræðslunni lið og auka fjölbreytni hennar.

Þekking í ýmsu formi hefur áhrif á val og ákvarðanatöku. Í [yfirlýsingu Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar frá árinu 2001](#) segir að fólk eigi frá unga aldri heimtingu á áreiðanlegum og hlutlægum upplýsingum og fræðslu um áhrif neyslu áfengis á heilsu, fjölskyldulíf og samfélag.

Fræðsla um skaðsemi er ekki allsherjar lausn á áfengis- og vímuefnavandanum. Helsti styrkur og gagnsemi fræðslunnar er hugsanlega að styðja við og styrkja ýmsa aðra viðleitni samfélagsins til þess að draga úr vanda vegna neyslu þessara efna.

[http://www.euro.who.int/AboutWHO/Policy/20030204\\_1](http://www.euro.who.int/AboutWHO/Policy/20030204_1)